

# AUGLÝSING

## um starfsreglur fyrir samvinnunefnd miðhálandisins.

### 1. gr.

#### *Samvinnunefnd miðhálandisins.*

Nefndin heitir samvinnunefnd miðhálandisins. Hún er skipuð af umhverfisráðherra til fjögurra ára í senn að afloknum reglulegum sveitarstjórnarkosningum. Í nefndinni eiga sæti 12 fulltrúar, einn tilnefndur úr hverju kjördæmi, einn af félagasamtökum um útivist, einn af félagsmálaráðherra og tveir án tilnefningar og skal annar vera formaður og hinn koma úr kjördæmi sem liggur að miðhálandinu en úr sveitarfélagi sem ekki liggur að því. Auk þess sitja í nefndinni fjórir áheyrnarfulltrúar með málfrelsi og tillögurétt sem ráðherra skipar. Varamenn aðila skulu skipaðir á sama hátt. Fulltrúar kjördæma sem liggja að miðhálandinu skulu tilnefndir af sveitarfélögum kjördæmisins sem eiga land að miðhálandinu. Fjórðungs-samband Vestfjarða tilnefnir fulltrúa Vestfjarðakjördæmis, Reykjavíkurborg fulltrúa Reykjavíkurborgskjördæmis og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum tilnefna saman fulltrúa Reykjaneskjördæmis.

### 2. gr.

#### *Hlutverk.*

Samvinnunefnd miðhálandis annast gerð svæðisskipulags miðhálandisins, fjallar um breytingar á því og fer með endurskoðun þess í samræmi við lög. Einnig gætir samvinnunefndin þess að samræmi sé innbyrðis með aðalskipulagstillögum einstakra sveitarfélaga á svæðinu og að samræmi sé milli þeirra og svæðisskipulags miðhálandisins. Nefndin leitar eftir tillögum hlutaðeigandi sveitarfélaga við mótun tillögu að svæðisskipulagi.

Nefndin veitir umsagnir um tillögur og hugmyndir sem snerta skipulag og landnotkun á miðhálandi Íslands og getur ályktað um tillögur að einstökum framkvæmdum innan svæðisskipulags miðhálandis. Verði ágreiningur um hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar er, þá sker umhverfisráðherra úr að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar.

### 3. gr.

#### *Fundi.*

Halda skal fundi í samvinnunefnd miðhálandisins að lágmarki tvisvar á ári, eða oftar ef nefndin telur þörf á. Formaður boðar til funda með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara og ákveður fundarstað. Fundur er lögmætur ef helmingur nefndarmanna er viðstaddur. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Nefndin kys sér ritara og vararitara. Skal formaður og ritari undirrita fundargerð í fundarlok eða á næsta fundi þar á eftir. Sá fundarmaður sem er ósamþykktur ákvörðun meirihlutans á rétt á að fá sérálit sitt bókað. Fundargerðir skal senda aðal- og varamönnum samvinnunefndarinnar, Skipulagsstofnun og umhverfisráðuneyti.

### 4. gr.

#### *Verklag.*

Nefndin getur ákveðið nánar hverju sinni um meðferð einstakra mála. Nefndin getur ráðið sér starfsmenn til aðstoðar enda rúmist kostnaður vegna starfa þeirra innan fjárlaga-heimilda nefndarinnar.

### 5. gr.

#### *Kostnaður.*

Kostnaður af starfsemi nefndarinnar skal greiðast af ríkissjóði skv. fjárlögum hverju sinni.

## 6. gr.

*Breytingar á svæðisskipulagi miðhálandis.*

Um málsmeðferð við endurskoðun eða breytingar á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015 fer skv. 13. gr. a. og 14. gr. a. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

## 7. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru skv. 5. mgr. 12. gr. a. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, sbr. lög nr. 58/1999, öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 15. nóvember 2000.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

Nr. 848

## REIKNINGUR

### Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir árið 1999.

#### Rekstrarreikningur.

##### Rekstrartekjur:

|                                                     | Kr.                |
|-----------------------------------------------------|--------------------|
| Innheimtuþóknun vegna erlendra innheimtu .....      | 2.861.437          |
| Innheimtuþóknun önnur .....                         | 4.026.433          |
| Endurkrafinn fjárnámskostnaður .....                | 7.481.736          |
| Innheimtir dráttarvextir og aðrar vaxtatekjur ..... | 167.288.168        |
|                                                     | <u>181.657.774</u> |

##### Rekstrargjöld:

|                                |                   |
|--------------------------------|-------------------|
| Laun og launatengd gjöld ..... | 47.701.405        |
| Húsnæðiskostnaður .....        | 3.337.200         |
| Kostnaður við fjárnám .....    | 9.337.070         |
| Annar rekstrarkostnaður .....  | 19.937.615        |
| Vextir og verðbætur .....      | 548.459           |
|                                | <u>80.861.749</u> |

|                           |                    |
|---------------------------|--------------------|
| Tekjur umfram gjöld ..... | <u>100.796.025</u> |
|---------------------------|--------------------|

#### Efnahagsreikningur 31. desember 1999.

##### Peningalegar eignir:

|                                   | Kr.           |
|-----------------------------------|---------------|
| Veltufjármunir:                   |               |
| Handbært fé .....                 | 139.632.507   |
| Óinnheimtar kröfur .....          | 3.672.770     |
| Meðlagskröfur til innheimtu ..... | 6.522.604.229 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður ..... | 10.000        |

|                             |                      |
|-----------------------------|----------------------|
| Peningalegar eignir samtals | <u>6.665.919.506</u> |
|-----------------------------|----------------------|